

Meiri hækkunir en áætlað var

- Mánaðarlaun karla í flestum tilvikum hærri en kvenna skv. nýrri úttekt kjaratölfræðinefndar
- Fjöldi kjaradeilna í sáttameðferð svipaður og á fimmtán sinnum stærri vinnumarkaði í Noregi

Ómar Friðriksson
omfr@mbl.is

Tímakaup launafólks hér á landi hefur hækkað meira í flestum hópum á vinnumarkaðnum en kostnaðarmat gerði ráð fyrir við gerð kjarasamninganna í samningalotunni sem hófst fyrir rúmum tveimur árum. Þetta sýna mælingar Hagstofunnar og liggja skýringar m.a. í áhrifum af styttingu vinnuvikunnar á mælda hækkun tímakaups og launaþróunartryggingu, sem áður hafði verið samið um á opinberum markaði.


Þetta kemur fram í vorskýrslu kjaratölfræðinefndar, sem er samstarfsvettvangur heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga. Skýrslan var kynnt í gær en í henni er fjallað um samningalotuna sem hófst árið 2019 og um þróun efnahagsmála og launa á þessu tímabili.

Fram kemur að mánaðarlaun karla eru í flestum tilvikum hærri en kvenna, nema innan Kennarasambandsins þar sem laun kvenna eru að meðaltali hærri. Laun kvenna hafa hó að jafnaði hækkað meira en


Kjarasamningar og launaþróun

Hækkun grunntímakaups frá mars 2019 til janúar 2021, fyrir hluta- og fullt starf


Heimild: Kjaratölfræðinefnd, vorskýrsla 2021



Regluleg laun fyrir fullt starf í janúar 2021, þúsundir kr.



Fjöldi kjarasamninga frá hlið stéttarfélaga



ingar vinnuvikunnar. Hækkunin meðal starfsmanna sveitarfélaga er 1,6 prósentustigum hærri en ella væri vegna styttingar vinnutímans og alls 21,8%.

Í dag er talið að stytting vinnuvikunnar hafi náð til tæplega helmingis ríkisstarfsmanna og rúmlega helmingis starfsmanna sveitarfélaga.

Innflytjendur með lægri laun

Sjónum er sérstaklega beint að launum innflytjenda í skýrslunni og kemur fram að grunnlaun innflytjenda voru að meðaltali lægri í öllum hópum við upphaf samnings-tímabilsins í mars 2019 en hækkuðu meira í öllum hópum nema hjá BHM og fór launamunur þannig almennt minnkandi.

Innflytjendur voru um 16% fólks á vinnumarkaðinum í október sl. Auk þess sem grunnlaun innflytjenda eru lægri en annarra í öllum hópum eru regluleg laun þeirra, þ.e.a.s. greidd mánaðarlaun fyrir umsaminn vinnutíma í dagvinnu eða vaktavinnu, það einnig.